

## Útgjöld til háskóla aukast jafnt og þétt



[Hagstofa Íslands](#) hefur uppfært og birt nýjar tölur um útgjöld hins opinbera til fræðslumála. Auk þess að birta nýjar tölur fyrir árin 2004 og 2005 þá ber helst til tíðinda að stuðst er við endurskoðaðan staðal (COFOG) við flokkun útgjalda og áður birtar tölur fyrir árin 1998 til 2003 eru endurskoðaðar með hlíðsjón af honum.

Af þessum nýju tölum má glögg sjá að útgjöld til fræðslumála hafa aukist jafnt og þétt. Árið 1998 voru útgjöld til fræðslumála 6,56% af vergri landsframleiðslu en þetta hlutfall er komið upp í 7,56% árið 2005 þrátt fyrir mikla aukningu á landsframleiðslu á sama tímabili.

Útgjöld til háskóla eru hærri en áður hefur komið fram í birtum tölum. Í síðasta hefti af riti OECD, [Education at a Glance](#), fyrir árið 2006 sem birtir tölur um menntamál í OECD löndunum, eru útgjöld til háskóla 1,4% af vergri landsframleiðslu 2003. En í nýju yfirliti kemur í ljós að rétt tala er 1,62%. Á síðasta ári var hlutfallið 1,59%. Þetta þýðir þó ekki að útgjöldin hafi minnkað, því eins og kunnugt er hefur landsframleiðsla aukist stórlega á sama tímabili og útgjaldaaukningin heldur varla í við aukningu landsframleiðslunnar. Þannig var hagvöxtur árið 2004 7,7% og árið 2005 var hann 7,5%. Áðrir útreikningar sýna aukninguna betur. Hagstofan reiknar líka þróun

útgjalda á mann, staðvirk á verðlagi ársins 2005. Sá samanburður er gagnlegur því að mannfjöldapróun er ekki eins miklum sveiflum háð og landsframleiðsla. Í ljós kemur að útgjöld á mann til háskóla árið 2003 var 50.700 kr. en voru komin upp í 54.300 kr. árið 2005. Til nánari glöggvunar er birt tafla þar sem sjá má þróun útgjalda til háskóla frá 2000 til 2005 bæði sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og sem útgjöld á mann. Frekari upplýsingar er að finna á vef Hagstofu Íslands, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

Útgjöld hins opinbera til háskólamála		
	sem % af landsframleiðslu	kr. á mann á verðlagi 2005
2000	1,30	41.600
2001	1,35	44.400
2002	1,45	46.000
2003	1,62	50.700
2004	1,53	50.200
2005	1,59	54.300

### Starfsemi leikskóla - starfsmannahald, námskrá og mat

Senn kemur út skýrsla sem birtir niðurstöður könnunar sem menntamálaráðuneyti gerði á afstöðu leikskólastjóra til aðalnámskrár leikskóla, skólanámskrár, mats á leikskólasterfi, starfsmannahaldi í leikskólum og samspili þessara þátta. Könnunin var gerð á tímabilinu maí til júní 2006.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru eftirfarandi: Flestir leikskólastjórar telja að hærri laun, fleiri leikskólakennarar í starfi og færri börn í umsjá hvers starfsmanns myndu helst draga úr mikilli starfsmannaveltu á leikskólum. Til að halda í starfsfólk telja leikskólastjórar mikilvægast að fólk hafi áhuga á starfinu, starfsandi sé góður, auk þess sem hugmyndafræði leikskólans og orðspor eru talin veða þungt.

Mikil fjölbreytni virðist vera þegar kemur að uppeldissýn leikskóla og voru mörg dæmi um mismunandi hugmyndafræði en í um 80% leikskóla er fyrirliggjandi ákveðin opinber uppeldisstefna. Um 80% leikskóla hafa gert skólanámskrá en niðurstöðurnar benda til þess að um 7% leikskóla hafi hvorki opinbera uppeldisstefnu né eigin skólanámskrá eins og lög gera ráð fyrir. Leikskólastjórar telja tíma og mannaúð vera lykilinn að velheppnaðri skólanámskrárgerð. Sjálfsmat leikskóla er talið tengjast helstu áherslum og viðmiðum leikskólasterfsins

mjög vel í 31% tilvika og nokkuð vel í 65% tilvika. Viðmið um sjálfsmat í aðalnámskrá tengjast sjálfsmati leikskólans í 73% tilvika fremur vel og í 21% tilvika mjög vel.

Könnunin leiddi einnig í ljós að ytra mat hafði verið gert í um 25% leikskólanna og töldu 92% það hafa haft jákvæð áhrif á leikskólasterfið.

Niðurstöðurnar benda til þess að almenn ánægja sé með aðalnámskrána frá 1999. Ekki eru þó allir sammála um hversu nákvæmar lýsingar á leiðum að markmiðum aðalnámskráinn eigi að innihalda. Þættir eða málaflokkar sem talið er að fjalla þurfi nánar um í aðalnámskrá eru t.d. aldurstengd viðmið, foreldrasamstarf, lýðræði, mat, málefni nýbúa og tvítyngdra barna, samstarf leikskóla og grunnskóla, stærðfræði og trúmál.

### Ný stjórn listamannalauna

Menntamálaráðherra hefur skipað stjórn listamannalauna, sbr. [3. gr. laga nr. 35/1991](#) um listamannalauna með síðari breytingum. Skipað er til þriggja ára frá 10. október 2006 til 9. október 2009.

Stjórnin er þannig skipuð: Magnús Ragnarsson formaður, skipaður án tilnefningar, Mist Þorkelsdóttir varaformaður, tilnefnd af Listaháskóla Íslands og Margrét Bóasdóttir, tilnefnd af Bandalagi íslenskra listamanna. Varamenn eru: Hanna Styrmsdóttir, skipuð án tilnefningar, Ragnheiður Skúladóttir, tilnefnd af Listaháskóla Íslands og Edda Þórarinsdóttir, tilnefnd af Bandalagi

íslenskra listamanna. Stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðum sem veita starfslaun listamanna. Þeir eru launasjóður rithöfunda, launasjóður myndlistarmanna, tónskáldsásjóður og listasjóður. Stjórnin úthlutar fé úr listasjóði, en sérstakar úthlutunarnefndir eru fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða og veita fé úr þeim.

### Íslendingum fjölga í háskólanámi

Árið 2000 voru um 10,5 prósent Íslendinga á aldrinum 20 til 40 ára í háskólanámi. Árið 2004 var hlutfallið orðið 15 prósent, samkvæmt upplýsingum úr Norrænu tölfræðiorðabókinni 2006 sem út kom í vikunni. Á þessum árum hefur Ísland siglt fram úr Danmörku og Noregi hvað hlutfallslegan fjölda námsmanna varðar og er hann nú sambærilegur við fjölda háskólanema í Svíþjóð.

Hlutfallslega eru flestir í háskólanámi í Finnlandi. Um 19 til 20 prósent Finna á fyrrnefndu aldursbili stunda háskólanám hverju sinni. Danmörk er hins vegar í neðsta sæti á Norðurlöndum.

Miðað við önnur norræn ríki hafa tiltölulega margir Íslendingar valið að stunda nám innan félagsvísinda, hagvísinda og lögræði. Hlutfallslega margir Íslendingar stunda einnig nám erlendis. Nær helmingur þeirra stundar nám í öðru ríki Norðurlanda, flestir í Danmörku.

